

Hlutverk stjórnarmanna



Landssamband æskulýðsfélaga

Hildur Tryggvadóttir Flóvenz

Hlutverk stjórna

- Hver eru hlutverk stjórna?
- Hlutverking geta verið misjöfn eftir félögum.
- Þó alltaf ákveðin sameiginleg hlutverk.
- Mike Hudson – 4 hlutverk
- Ómar H. Kristmundsson – 5 hlutverk



Hlutverk stjórnna

- Skilgreina og fara reglulega yfir gildi félagsins og tryggja að stjórnarmenn, sjálfboðaliðar og aðrir sem kunna að tengjast félaginu skilji gildin og hvernig þau tengjast verkefnum.
- Viðhalda langtíma yfirsýn yfir félagið og verkefni þess.
- Marka stefnu fyrir félagið og taka ákvarðanir um markmið, stefnu og verkferla.
- Ganga úr skugga um að verkferlar við ákvarðanatöku séu gegnsæir og ábyrgir.
- Ganga úr skugga um að þarfir og áhugi sjálfboðaliða séu fyrir hendi þegar ákvarðanir eru teknar um málefni.
- Tryggja að réttar bjargir séu til staðar þegar farið er í verkefni og gæta að tekið sé á því ef bjargir eru ekki til staðar. Þegar rætt er um bjargir er fyrst og fremst átt við fólk og peninga.
- Vakta verkefni félagsins, sérstaklega með það í huga hvort þau nái markmiðum félagsins.
- Tryggja að rétt sé tekið á málum þegar illa gengur.
- Bera lagalega ábyrgð á félaginu og öllum gjörðum þess.
- Hlusta á allar raddir innan félagsins, taka á vandamálum og sætt sjónarmið.



Hlutverka stjórnna með starfsmenn

- Hlutverk stjórnna breytast þegar starfsmenn koma til sögunnar.
- Munurinn á yfirstjórn (e. governance) og daglegri stjórnun (e. management).
 - Sterk stjórn vs. veikt starfsfólk
 - Veik stjórn vs. sterk starfsfólk
- Hvernig finnum við línuna í okkar félagi?

Hlutverk stjórnarmanna



Formaður

- **Starf formanns er tvíþætt:**
 - a. Starf sem snýr að stjórninni sjálfri
 - b. Starf sem snýr að félaginu.
- **Þrátt fyrir mikli hlutverk formanns hefur hann ekki meiri áhrif innan stjórnarinnar en aðrir stjórnarmenn nema:**
 - a. Það sé sérstaklega tekið fram í lögum félagsins
 - b. Þess sé getið í sérstökum reglum fyrir formenn
 - c. Það sé ákveðið með samþykki allra stjórnarmanna
 - d. Það sé hluti af hefð félagsins.
- **Að lokum hefur formaður það hlutverk að vera næsti yfirmaður framkvæmdastjóra.**



Ritari

- Helsta hlutverk ritara er að skrifa fundargerðir!
 - Fundarritunarstarfið oft vanmetið.
 - Mikilvægt að gefa fundarritara svigrúm til að rita fundargerðina rétt.
 - Bannað að vera pirraður út i fundarritara!
- Önnur hlutverk ritara eru oft:
 - Aðstoða formann
 - Þekkja lög og relgur félagsins
 - Halda utan um gögn.
 - Halda utan um félagtalið.
 - Svvara fyrirspurnum í síma, tölvpósti og bréfum
- Vera varaformaður!



Varaformaður

- Helsta hlutverk að vera staðgengill formanns.
- Þarf að vinna náið með formanni til að geta tekið við í forföllum.
- Oft skipta formenn og varaformenn með sér hlutverkum.
- Varaformaður má ekki leyfa formanni að útiloka sig frá verkefnum.



Gjaldkeri

- **Helsta hlutverk að hafa yfirumsjón með fjárreiðum félagsins:**
 - Borga reikninga
 - Færa bókhald og tryggja að góðar bókahaldsvenjur séu viðhaldnar
 - Vera upplýstur um stöðu félagsins
 - Veita aðhald í fjármálum og geta sagt til hvort fé sé til fyrir verkefnum
 - Fara yfir ársreikningaá aðalfundum
 - Geta svarað fyrirspurnum um reikninga og fjárreiður félagsins
 - Hafa yfir umsjón eða a.m.k. vera vel inn í fjáröflunu
- **Þarf ekki endilega að gera þetta allt sjálfur heldur sjá til þess að þetta sé gert!**



Meðstjórnandi

- Bera sömu ábyrgð og aðrir stjórnarmenn
- Geta haft mörg ólík hlutverk en stundum engin hlutverk.
- Hugmyndir að hlutverkum fyrir meðstjórnendur:
 - Sinna ákveðnum hlutverkum formanns og/eða ritara.
 - Tengiliðir við nefndir, starfshópa eða ákveðin verkefni.
 - Ábyrgðaraðili fyrir ákveðnum verkefnum eða málefna vinnu í félaginu.
 - Umsjón með fjáröflunum
 - Umsjón með kynningarmálum eða upplýsingamálum.
 - Tengiliður við fjölmiðla
 - Umsjón með alþjóðamálum
- Lykilinn að allir hafi hlutverk!



Varamaður

- Oft lítið talað um varamenn og hlutverk þeirra óljós.
- Mjög misjafnt milli félaga hvaða hlutverk þeir gegna eða hvort þeir gegna yfirhöfuð einhverju hlutverki.
- Hvert og eitt félag þarf að ákveða hver eru hlutverk varamanna.
- Besti að halda varamönnum vel upplýstum en leyfa þeim að njóta svigrúms sem varamenn.



Ábyrgð stjórnarmanna

- Stjórnir bera saman ábyrgð á gjörðum félagsins síns!
- Enginn stjórnarmaður getur fríað sig ábyrgð.
- Hafa þarf í huga að þó allir hafi hlutverk og verkskipting sé skýr þá er ábyrgðin sameiginleg.



Að halda samfellu í stjórnarstarfi

- Þrennt sem þarf að hafa í huga til að halda samfellu í stjórnarstarfi:
 - Tryggja að stjórnarkjör sé ekki þannig að kosið sé um alla í einu.
 - Utanum hald um gögn.
 - Ákveðið ferli við að taka á móti nýjum stjórnarmönnum.



Spurningar fyrir stjórnarmenn

1. Þekkja allir stjórnarmenn hlutverk sín? Vita allir stjórnarmenn hvað þeir eiga að gera?
2. Þekkja allir stjórnarmenn hlutverk stjórnarinnar?
3. Þekkja allir stjórnarmenn tilgang, stefnu, markmið, forgangs röðun og gildi félagsins?
4. Skilja allir stjórnarmenn mikilvægi stefnumótunar til lengri tíma þegar ákvarðanir eru teknar og þegar farið er yfir það sem búið er að gera?
5. Eru allir stjórnarmenn meðvitaðir um þá fjárhags- og lagalegu ábyrgð sem þeir bera á félaginu?
6. Eru stjórnarmenn meðvitaðir um hvar þeir geta leita sér upplýsinga um hvernig eigi að vera hinn virki stjórnarmaður?
7. Er ákveðið ferli til staðar innan stjórnarinnar til að setja nýja stjórnarmenn inn í starf félagsins og stjórnarinnar?
8. Er horft á þjálfun og menntun sem samfellt ferli en ekki bara eitthvað fyrir nýja stjórnarmenn?
9. Fá stjórnarmenn nægar upplýsingar til þess að geta tekið upplýstar ákvarðanir?
10. Eru stjórnarfundir árangursríkir?
11. Vinna stjórnarmenn nægilega vel saman?



Bækur

- Stjórnun og rekstur félagasamtaka í ritstjórn Ómars H. Kristmundssonar og Steinunnar Hrafnisdóttur.
- Managing without profit e. Mike Hudson
- Just about managing e. Sandy Adirondack
- T-kit, ætlað æskulýðsfélögum, gefið út af Evrópuráðinu - http://youth-partnership-eu.coe.int/youth-partnership/publications/T-kits/T_kits
- Handbók fyrir slysavarnardeildir – www.landsbjorg.is – Slysvarnir – Slysavarnadeildir – Handbók

Spurningar?

flovenz@gmail.com